

Miðvikudaginn 7. desember 1938.

Nr. 90/1938. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
 gegn

Jóni Júlíusi Jónssyni
 (Theodór B. Líndal).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Jón Júlíus Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Theódórs B. Líndal, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 26. júlí 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Júlíusi Jónssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Framnesveg 52 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar

1935 og lögum nr. 70 8. sept. 1931 um notkun bifreiða.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum.

1932 $\frac{3}{16}$ undirgekkst að greiða skaðabætur fyrir reiðhjól, sem hann ók yfir.

1932 $\frac{5}{12}$ dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 50 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1934 $\frac{2}{41}$ sætt 10 króna sekt fyrir of hraðan akstur.

1934 $\frac{1}{74}$ sætt 30 króna sekt fyrir að kenna akstur á ólöglegri bifreið.

1935 $\frac{2}{93}$ dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 150 króna sekt og sviptur leyfi til að stýra bifreið í 6 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

1936 $\frac{2}{98}$ undir rannsókn út af umferðaslysi. Ekki talin ástæða til málssóknar.

1937 $\frac{5}{2}$ áminning og 10 króna skaðabætur fyrir lögreglubrot.

1938 $\frac{7}{5}$ sætt 50 króna sekt fyrir ölvun og óspektir.

Aðfaranótt föstudagsins 8. þ. m., kl. 4.20, var tilkynnt á lögreglustöðina hér, að fólksflutningabifreiðin R. 904, sem er eign Litlu-bílastöðvarinnar hér í bæ, hefði verið ekið út af þjóðveginum í nánd við Árbæ.

Fór lögreglan þegar á vettvang, og lá þá bifreiðin, mikið skemmd, á hægri hliðinni sunnan megin við veginn og sneri framenda skáhalt inn að veginum. Hafði bifreiðin augsynilega verið á leið til Reykjavíkur. Vegurinn er þarna 6.70 metrar á breidd. Frá því vinstra framhjólíð hefir farið út af veginum og þar til bifreiðin hefir numið staðar voru 13.60 metrar, miðað við afturenda bifreiðarinnar. Hæð vegarins, þar sem framhjól bifreiðarinnar fór út af, er 65 cm., en hæð hans móts við þar sem bifreiðin lá er 1.20 m. Bifreiðin virðist hafa steypzt kollhnís og síðan farið veltu. Hafði hún í veltunni steytt á stórgrýti og dregið með sér stóra steina. Á staðnum varð ekki séð, að neinn hafi verið, er lögreglan kom þangað, en maður sá, er tilkynnti slysið á lögreglustöðina, sagði, að þeir, sem meiðzt hefðu, hefðu verið fluttir á Landsspítalann. Lögreglan athugaði nú þetta nánar, og þar sem henni virtist vafi á, hver þeirra þriggja manna, er á Landsspítalanum voru, þeirra kærða, Inga

Haralds Þorvaldssonar Kröyer og Jóns Ingvars Helgasonar, allra bifreiðarstjóra, hefði ekið bifreiðinni út af veginum, var tekið blóðsýnishorn úr þeim öllum. Þeir kærði og Kröyer voru mikið ölvaðir, en Jón Ingvar, að sögn lögreglunnar, litið sem ekkert ölvaður, og af rannsókninni má telja víst, að hann hafi verið með öllu ódrukkinn.

Við rannsókn málsins hefir komið í ljós, að kærði er sá, sem venjulega hefir ekið bifreiðinni R. 904. Klukkan um 1 nefnda nótt kom hann að máli við Jón Ingvar Helgason, bifreiðarstjóra, sem þá var staddur á Litlu-bílastöðinni, og bað hann að aka bifreið fyrir sig upp að Baldurshaga. Lofaði Jón Ingvar því. Lögðu þeir síðan af stað þangað í bifreiðinni R. 904. Var Jón Ingvar við stýrið, en farþegar kærði, Kröyer, Guðjón Einarsson afgreiðslumaður og Guðmann Hákon Jóhannsson bílstjóri. Höfðu kærði og félagar hans komið sér saman um að fara ferð þessa og fá sér í staupinu, og því fengið Jón Ingvar sérstaklega til þess að aka, og hefir ekkert komið fram í málinu, er bendi til þess, að hann hafi neytt áfengis um nóttina, og er hann það vitni í málinu, sem langmest er leggjandi upp úr. Segir hann, að farþegarnir hafi allir verið ódrukknir, þegar lagt var af stað, en hafi drukkið upp úr tveimur brennivinsflöskum á leiðinni, en kærði kveðst sjálfur hafa verið drukkinn þegar lagt var af stað, en hvernig sem því hefir verið varið, sem ekki skiptir máli, er það víst, að meðan dvalið var í Baldurshaga voru farþegarnir allir mjög ölvaðir og það svo, að þeir muna ekkert hvað gerðist eða þá mjög lítið. Kærði man ekkert hvað gerðist frá því lagt var af stað úr Reykjavík þar til stungið var í hann sprautu á Landsspítalanum. Vitnið Jón Ingvar er því að mestu leyti einn frásagnar um, hvað gerðist þar, og er framburður hans um það óvæfengdur af kærða.

Strax og komið var að Baldurshaga, kveðst vitnið hafa tekið svonefndan autolætishamar úr bílvélinni, til þess að ekki væri hægt að koma henni í gang. Kveðst það hafa gert þetta af ótta við, að kærði myndi í ölæðinu reyna að aka bifreiðinni, en áður hafði vitnið orðið þess vart, að kærði sækti á að aka bifreið drukkinn. Dvöldu þeir nú um hrið í Baldurshaga, ýmist úti eða inni. Varð vitnið Jón Ingvar þess vart, meðan dvalið var þar, að kærði var búinn að

setja annan hamar, sem hann hafði haft á sér, í bílvélina. Tók vitnið þá þann hamar úr vélinni, en því reiddist kærði og tók þá svonefnt autolætislok úr vélinni og fleygði að vitninu. Er þessi frásögn vitnisins studd af framburði bifreiðarstjóra, er þarna var og staddur, og hefir borið, að kærði hafi sótt á að aka R. 904 burtu, en verið hindraður í því af félögum sínum. Um nóttina, þegar aðrir gestir, er þarna höfðu verið, voru farnir, það húsmóðirin þá félaga að fara. Fóru þeir þá allir út. Tók Jón Ingvar þá að setja hamarinn og lokið í vélina og setti hann lokið þannig í samband, að ómögulegt var að aka bifreiðinni hratt. Meðan vitnið var að þessu, sátu þeir í aftursæti bifreiðarinnar kærði, Kröyer og Guðjón, allir mjög drukknir, en Hákon stóð þar hjá, einnig mjög drukkinn. Urðu þá slagsmál milli kærða og Kröyers og varð það úr, að þeir báðir og Guðjón fóru út úr bifreiðinni. Í þessu barði Kröyer báðum höndum í afturrúðu bifreiðarinnar og braut hana og skarst við það á úlnlið, svo að blæddi töluvert úr. Fór vitnið þá með hann í skúr eða pakkhús að húsabaki og batt hálsbindi sínu um skurðinn, og fór þangað einnig með þeim Guðjón Einarsson, og voru þeir þar allir skamma stund. Hvar Hákon Guðmann var, meðan þessu fór fram, veit vitnið ekki, en kærði varð eftir hjá bifreiðinni, sem þá var orðin öku-fær, þegar þeir hinir fóru að húsabaki, og var engin mann-eskja önnur en þeir félagar sjáanleg þarna nálægt. Þegar vitnið kom aftur fyrir húshornið frá því að binda um sár Kröyers, voru bifreiðin og kærði horfin af hlaðinu, en til bifreiðarinnar sást, þar sem henni var ekið í áttina til Reykjavíkur eftir veginum við Rauðavatn.

Telur vitnið, að enginn vafi sé á því, að kærði hafi ekið bifreiðinni burtu, enda hafi þar engum öðrum verið til að dreifa. Hafi hann og mjög sótt eftir því um nóttina í ölaðinu að aka bifreiðinni. Hinir félagarnir, sem eftir voru, kveðast muna, að bifreiðin og kærði hafi allt í einu horfið, en hvernig það bar að höndum, vita þeir ekki.

Var nú hringt eftir bifreið til Reykjavíkur til að sækja þá, sem eftir voru í Baldurshaga, og ók Þorleifur Gíslason, bifreiðarstjóri, þangað. Á leiðinni varð hann ekki kærða eða R. 904 var. Flutti hann nú þá félaga frá Baldurshaga áleiðis til Reykjavíkur, en þegar þeir komu á móts við

Árbæ, sáu þeir R. 904 liggja þar hjá veginum, og var kærði þar skammt frá með mann frá Árbæ með sér.

Hafði kærði þá fyrir nokkurri stundu komið heim að Árbæ einsamall og hitt þar húsfreyjuna að máli og beðið hana um menn. Var að hennar sögu enginn sjáanlegur með kærða eða þar í nánd. Varð það úr, að kaupamaður á bænum fór með kærða upp að bílnum, þar sem hann lá við veginn. Sagði kærði kaupmanninum, að bílstjórinn væri farinn „niður í bæ“ og að illt væri í efni. Spurði þá kaupamaður kærða, hvers vegna hann væri að skipta sér af þessu, ef hann hefði ekki keyrt bifreiðina, og því bílstjórinn sjálfur skeytti þessu ekki, en út á það gaf kærði ekkert. Um leið og þeir komu að bifreiðinni, bar áður-nefnda bifreið að, er sótti þá félaga til Baldurshaga. Sagði þá einhver þeirra við kærða sem svo: „þarna sérðu, hvernig fór, Julli minn“. Anzaði kærður þá engu.

Reyndu þeir nú allir að reisa bifreiðina, en það reyndist árangurslaust. Tóku þeir félagar þá númerspjöldin af bifreiðinni og stöðvarmerkið. Héldu þeir síðan með kærða á Landsspítalann. Vitnið Jón Ingvar kveðst hafa spurt kærða, sem var bæði meiddur og mjög drukkin, að því hjá Árbæ, hver hefði ekið bifreiðinni út af, en hann kvaðst ekki vita það.

Kærði kveðst, eins og áður segir, ekkert muna eftir sér frá því lagt var af stað í ferðalagið úr Reykjavík og þar til stungið var í hann sprautu á Landsspítalanum.

Hinsvegar hefir hann talið, eftir að honum voru gerð málsatvik kunn, að allt bendi til þess, að hann hefði sjálfur ekið bifreiðinni út af veginum. Áhorfendur eru að visu engir að því, að kærður æki bifreiðinni burtu frá Baldurshaga, en eins og atvikum er lýst hér að framan, þykir þó vera nægilega sannað, að kærði hafi ekið bifreiðinni burtu þaðan og þar til hún fór út af veginum.

Hefir kærði þannig að álitir réttarins gerzt brotlegur gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, 21. gr. sbr. 39. gr., og lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða, 5. gr., 3. mgr., og 15. gr. sbr. 14. gr., og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann ber að svipta æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Júlíus Jónsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. desember 1938.

Nr. 43/1938. **Jens Bjarnason** (Lárus Jóhannesson)
gegn

**Mjólkurfélagi Reykjavíkur og Sturlu
Jónssyni** (Theodór B. Líndal).

Viðurkenning veðréttta í fasteign.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. marz þ. á., krefst sýknu af kröfum hinna stefndu í máli þessu og að þeir verði dæmdir in solidum til þess að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndu krefjast staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.